

Sundlaugin.

I.

Hneyksli er óhætt að kalla það hvernig þessi dýrmæta bæjareign, sundlaugin, er vanhirt. Heita vatninu hefir nú um hríð verið veitt í laugina svo ónóglega, að hún er farin að vera eigi einungis ekki volg, heldur jafnvel það, sem menn í daglegu tali nefna ísköld. Þegar menn svo í kalsa veðri fara í þessa ísköldu laug, úr lauginni undir ískalt steypibað og klæða sig síðan í köldum klefa, þar sem jafnvel eru göt bæði á gólfi og veggjum, getur svo farið að menn sækja þarna inneftir heilsutjón en ekki heilsubót. Mjær er kunnugt um, að farið hefir verið í laugina eftir lækni ísráði og þó þannig, að það mátti nálega teljast lífsháski fyrir veiklaðan. En læknirinn hafði vitanlega gert ráð fyrir því, að laugin væri vel volg. Vonandi getur orðið svo mikill

áhugi á þessu þýðingarmikla máli, að það hafist fram, að heita vatninu sje ekki varið til þess, sem minna ríður á en að sundlaugin sje nothæf.

II.

Mesta nauðsyn er á, að nokkrar umbætur sjeu gerðar á klefunum, t. d. gólfin bætt og afmáð það, sem teiknað hefir verið og skrifað á þilin. Væri klefarnir nógu góðir og heita vatninu veitt til sundlaugarinnar eins og þyrfti, mætti sækja laugina sjer til hressingar og heilsubótar, nálega hvernig sem viðraði.

Og alveg nauðsynlegt er að sundkenararnir og laugarverðirnir eigi kost á heitu herbergi. Jafnvel þó að þeir bræður Jón og Ólafur Pálssynir sjeu hraustir menn, þá er ekki ofmælt, að þeir hafi stofnað lífi og heilsu í hættu með því að stunda laugina á vetrum við slíkar ástæður, sem hingað til hafa verið.

Helgi Pjeturss.

mb. 10. 11. 3B